



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 9. apríl 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir formaður, Hermann Vilmundarson, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Katla Gísladóttir, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### 1. Verkaskipting

Fyrstamál á dagskrá var að stjórn skipti með sér verkum. Jónína lagði til að Katla yrði varaformaður, að Lárus Sindri tæki að sér hlutverk gjaldkera og Haraldur yrði ritari. Allt var þetta samþykkt.

### 2. Verklag/vinnusiðferði

Formaður lagði fram „Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsmenn“ frá ÍSI, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lásu og skrifuðu undir. Allir sem starfa fyrir félagið ættu að gera slíkt hið sama.

### 3. Mál er snúa að gjaldkera

Gjaldkeri þarf að fá aðgang að kerfum og bönkunum, Lárus og Davíð skoða það mál. Einnig þarf að finna bókara fyrir félagið, gjaldkeri tekur það að sér. Gjaldkeri tekur að sér að skaffa skjöl sem til þarf fyrir stjórnarskipti og aðalfundi Rekstrar- og Fasteignafélagsins. Davíð leggur til að Sprettur verði ekki lengur með VSK númer.

### 4. Verkefna/þekkingar yfirfærsla

Fá fund með fyrri stjórn, svona fyrir þekkingaryfirfærslu, bjóða þeim til fundar og ræða málin. Jónína heyrir í fyrri stjórn og boðar þá fund.

### 5. Póstur frá Huldu Maríu

Farið yfir póst frá Huldu Maríu, fulltrúa ungmennaráðs, Jónína sendir svar.

### 6. Starfsmannamál

þarf að fara yfir stöðuna, meta þörf og ákveða framhaldið.

### 7. Þrif á Hattarvallahöllinni

Tillaga frá Lárusi. Í upphafi hvers árs verður sett upp dagskrá fyrir alla sem hafa lykla á Hattarvallahöllinni fyrir þrif yfir veturinn. Virkja félagsmenn til að taka ábyrgð.

### 8. Fasteignaviðhald

Nú á Sprettur miklar og dýrar fasteignir og meta þarf hvort verið sé að halda þeim við eins og best verður á kosið.

### 9. Stefnumörkun

Skoða hvernig best er að vinna það mál áfram, kalla svo til félagsfundar og virkja félagsmenn til að taka þátt.

**10. Ræða við bæjarfélögin**

Mikilvægt að ræða sem fyrst við bæjarfélögin og heyra þeirra afstöðu til Spretts og hvernig þau geta hugsað sér styðja við bakið á félaginu.

**11. Landsmót**

Formaður Fáks hafði samband við Jónínu og áttu þau gott spjall um komandi Landsmót. Til þessa hafi ekki verið mikil þörf fyrir aðkomu Spretts en nú er komið að því. Mikilvægt að Sprettur og Sprettarar komi sterk inn nú þegar á þarf að halda.

**12. Formaður fór í viðtal á mbl.**

Jónína nefndi að hún hefði sem nýr formaður Spretts verið boðin í viðtal hjá Morgunblaðinu sem mun birtast á næstu dögum.

**13. Fá fund með LH**

Jónína nefndi að áhugavert væri að vita hvernig LH gæti stutt betur við hestamannafélögin. Jónína og Sigurbjörn munu óska eftir fundi við LH.

**14. Tiltekt á svæði Spretts**

Krani og tveir gámar sem eru við endann á reiðhöllinni fara með vorinu, annað er í eigu Spretts. Almennt er þörf á að fara í almenna tiltekt á svæðinu og það þyrfti en setja hreinsunardaginn á dagskrá.

**15. Verkefni á döfinni**

Hreinsunardagurinn og firmamót, laga gólf í Hattarvallahöllinni en einnig þarf að fara sem fyrst í að yfirfara girðingar í viðrunarhólfum svo eitthvað sé nefnt og ljóst er að af nægu er að taka.

Fundi slitið kl. 22:10.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson